



GARÐABÆR

VETRARÞJÓNUSTA GATNA Í GARÐABÆ 2021-2024

**Útboðsskilmálar - Verklýsing
Tilboðsbók**

September 2021

Vetrarþjónusta gatna í Garðabæ 2021-2024

Verkkaupi:

Garðabær

Garðatorgi 7 - 210 Garðabæ

Sími: 525 8500

Verkefnisstjóri framkvæmda

Tækni- og umhverfissvið Garðabæjar

Garðatorgi 7 - 210 Garðabæ

Sími: 525 8500

Sigurður Hafliðason

Umsjónarmaður útboðsgagna

Mannvit hf.

Urðarhvarfi 6 - 203 Kópavogi

Sími: 422 3000

Sigurður Guðjón Jónsson

EFNISYFIRLIT

| | | |
|-----------|--|----------|
| 0. | ÚTBOÐS- OG SAMNINGSSKILMÁLAR..... | 1 |
| 0.1 | YFIRLIT..... | 1 |
| 0.1.1 | Útboð | 1 |
| 0.1.2 | Útboðsform – útboðsyfirlit..... | 1 |
| 0.1.3 | Kröfur til bjóðenda | 2 |
| 0.1.4 | Lauslegt yfirlit yfir verkið | 3 |
| 0.1.5 | Kynningarfundur – Vettvangsskoðun..... | 3 |
| 0.1.6 | Verksamningur – Verkáætlun..... | 3 |
| 0.1.7 | Framkvæmdatími – verklok | 4 |
| 0.2 | UPPLÝSINGAR UM VERKKAUPA, RÁÐGJAFI OG EFTIRLIT | 4 |
| 0.2.1 | Verkkaupi | 4 |
| 0.2.2 | Ráðgjafar | 4 |
| 0.2.3 | Eftirlit verkkaupa..... | 4 |
| 0.3 | ÚTBOÐSGÖGN, REGLUGERÐIR OG STAÐLAR..... | 5 |
| 0.3.1 | Útboðsgögn..... | 5 |
| 0.3.2 | Skýringar á útboðsgögnum..... | 5 |
| 0.3.3 | Uppdrættir og lýsingar..... | 5 |
| 0.3.4 | Reglugerðir og leiðbeiningar | 6 |
| 0.3.5 | Undirverktakar..... | 6 |
| 0.4 | TILBOÐ | 6 |
| 0.4.1 | Gerð og frágangur tilboðs..... | 6 |
| 0.4.2 | Fylgigögn með tilboði | 7 |
| 0.4.3 | Auðkenni tilboðs | 8 |
| 0.4.4 | Tilboðstrygging – Gildistími tilboðs | 8 |
| 0.4.5 | Opnun tilboða | 8 |
| 0.4.6 | Meðferð og mat á tilboðum | 9 |
| 0.4.7 | Þóknun fyrir gerð tilboðs..... | 9 |
| 0.5 | GREIÐSLUR, VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR..... | 9 |
| 0.5.1 | Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir (eftir því sem við á)..... | 9 |
| 0.5.2 | Framlag verkkaupa | 9 |
| 0.5.3 | Breytingar á verkinu – aukaverk | 10 |
| 0.5.4 | Frestir – Tafabætur (Tímasektir) | 10 |
| 0.5.5 | Greiðslur, magntölur og reikningsskil..... | 11 |
| 0.5.6 | Verðlagsgrundvöllur..... | 11 |
| 0.5.7 | Fyrirframgreiðsla | 12 |

| | | |
|-----------|--|-----------|
| 0.5.8 | Magnbreytingar | 12 |
| 0.6 | ÁBYRGÐIR, TRYGGINGAR OG ÁGREININGSMÁL | 12 |
| 0.6.1 | Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld..... | 12 |
| 0.6.2 | Frankvæmdatrygging – verktrygging | 13 |
| 0.6.3 | Veðsetningar – Eignarréttarfyrirvarar | 13 |
| 0.6.4 | Misræmi í gögnum | 13 |
| 0.6.5 | Ágreiningsmál | 13 |
| 0.7 | VINNUSTAÐUR..... | 14 |
| 0.7.1 | Athafnasvæði og vinnuástaða..... | 14 |
| 0.7.2 | Húsnæði fyrir starfsmenn, teikningar og efni..... | 14 |
| 0.7.3 | Ljós, hiti, akstur, vélar og fleira..... | 14 |
| 0.7.4 | Umhirða á vinnustað..... | 14 |
| 0.7.5 | Öryggi á vinnustað | 14 |
| 0.8 | FRÁGANGUR OG GÆÐI VERKS | 15 |
| 0.8.1 | Verkstjórn verktaka, dagbók og verkfundir..... | 15 |
| 0.8.2 | Gæði verksins | 15 |
| 0.8.3 | Efnisval og vinnuáðferðir | 16 |
| 0.8.4 | Málsetningar og mælingar | 16 |
| 0.8.5 | Sýnishorn og prófanir | 16 |
| 0.8.6 | Samskipti við yfirvöld | 16 |
| 0.8.7 | Verklökaúttekt | 16 |
| 0.8.8 | Meistaraskipti | 16 |
| 0.9 | TEIKNINGASKRÁ | 17 |
| 0.10 | FYLGISKJÖL | 18 |
| 0.10.1 | Form verktryggingar..... | 18 |
| 0.10.2 | Verkmappa..... | 19 |
| 0.10.3 | Gögn afhent á vef Garðabæjar..... | 20 |
| 1. | VERKLÝSING | 21 |
| 1.0 | ALMENNT | 21 |
| 1.0.1 | Yfirlit yfir verkið | 21 |
| 1.0.2 | Upplýsingar um vinnusvæðið..... | 21 |
| 1.0.3 | Umferð/öryggisráðstafanir..... | 21 |
| 1.0.4 | Skemmdir á mannvirkjum og/eða eigum þriðja aðila | 22 |
| 1.0.5 | Vinnutími og vinnutilhögun | 22 |
| 1.0.6 | Tæki og búnaður sem verktaki leggur til..... | 23 |
| 1.0.7 | GPS-og fjarskiptabúnaður vegna ferilvöktunar..... | 25 |

| | | |
|-----------|--|-----------|
| 1.0.8 | Mannaflí | 25 |
| 1.0.9 | Magntölur - Uppgjör..... | 25 |
| 2. | GREIÐSLUSKILMÁLAR..... | 26 |
| 2.1 | GREIÐSLUR | 26 |
| 2.1.1 | Tímagjald fyrir mann..... | 26 |
| 2.1.2 | Tímagjald fyrir bíl | 26 |
| 2.1.3 | Viðbragðsgjald (viðverugjald)..... | 26 |
| 3. | TILBOÐSBÓK | 28 |
| 3.1 | TILBOÐSBLAÐ | 28 |
| 3.2 | TILBOÐSSKRÁ | 29 |
| 3.3 | TÆKJALISTI..... | 30 |
| 3.4 | HELSTU STJÓRNENDUR OG STARFSMENN..... | 33 |
| 3.5 | HÆFI VERKTAKA / LISTI YFIR SAMBÆRILEG VERK | 35 |
| 3.6 | NÖFN UNDIRVERKTAKA | 36 |

0. ÚTBOÐS- OG SAMNINGSSKILMÁLAR

0.1 YFIRLIT

0.1.1 ÚTBOÐ

Garðabær óskar eftir tilboðum í verkið:

Vetrarþjónusta gatna í Garðabæ 2021-2024

Verkið skal framkvæma í samræmi við útboðsgögn eins og þeim er lýst í grein „0.3.1 Útboðsgögn“.

Innifalið í tilboði skal vera allt það sem til þarf til að ljúka verkinu eins og það er skilgreint í útboðsgögnum þessum. Tilboð skal gera á meðfylgjandi tilboðsblað og sundurliða í tilboðsskrá.

0.1.2 ÚTBOÐSFORM – ÚTBOÐSYFIRLIT

Hér er um opið útboð að ræða og er það því almennt útboð eins og lýst er í grein 1.2.2 í ÍST 30.

Útboð þetta er auglýst á hinu evrópska efnahagssvæði (EES).

Vakin er athygli bjóðenda á að tilboðsfrestur í þessu útboði er 15 dagar frá birtingu auglýsingar á opinberum vettvangi.

Útboð þetta er hraðútboð sem er byggt er á grundvelli 4 mgr. 58. greinar laga um opinber innkaup. Brýn nauðsyn er að hraða þessu útboði þar sem nauðsynlegt var að hafna öllum tilboðum í fyrra útboð sbr. fundargerð bæjarráðs Garðabæjar sem má finna á vef Garðabæjar.

ÚTBOÐSYFIRLIT

| | | |
|--------------------------|--|---------------------|
| • Kynningarfundur | Ekki haldinn | Sjá nánar gr. 0.1.5 |
| • Fyrirspurnatíma lýkur | 23. september 2021. | Sjá nánar gr. 0.3.2 |
| • Svarfrestur rennur út | 27. september 2021. | Sjá nánar gr. 0.3.2 |
| • Opnunartími tilboða | 30. september 2021 kl. 11:00. | Sjá nánar gr. 0.4.5 |
| • Upphaf framkvæmdatíma | Við undirritun samnings. | Sjá nánar gr. 0.1.7 |
| • Lok framkvæmdatíma | 1. maí 2024 | Sjá nánar gr. 0.1.7 |
| • Kröfur til bjóðenda | Sérstakar kröfur gerðar um hæfni og reynslu bjóðanda | Sjá nánar gr. 0.1.3 |
| • Tafabætur | 20.000/30.000 kr./klst. | Sjá nánar gr. 0.5.4 |
| • Verðlagsgrundvöllur | Verkið verðbætist | Sjá nánar gr. 0.5.6 |
| • Frávikstilboð | Eru ekki heimiluð | Sjá nánar gr. 0.4.1 |
| • Fylgigögn með tilboði: | Skila skal fylgigögnum með tilboði | Sjá nánar gr. 0.4.2 |
| • Opnunarstaður tilboða | Mannvit hf., Urðarhvarf 6, 203 Kópavogur | Sjá nánar gr. 0.4.5 |

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kalla eftir öðrum upplýsingum sem varða verkefnið.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki, getur tilboðum þeirra verið vísað frá.

Farið verður með allar framlagðar upplýsingar í samræmi við ákvæði upplýsingalaga.

0.1.3 KRÖFUR TIL BJÓÐENDA

A. Kröfur um hæfni og reynslu:

Gerð er krafa um að bjóðandi og / eða helstu stjórnendur hafi víðtæka reynslu af vetrarþjónustu, þ.e. snjóruðning og hálkuvörnum og hafi unnið sambærileg verkefni að umfangi á undanföllum 5 árum. Yfirstjórn verksins á verkstað skal vera í höndum aðila með verulega reynslu í sambærilegum verkum, minnst 5 ár. A.m.k. helmingur starfsmanna skal hafa minnst 12 mánaða reynslu í sambærilegum verkum. Gerðar eru sambærilegar kröfur til aðalverktaka og undirverktaka varðandi þá verkþætti sem þeir vinna í verkinu. Forsvarsmenn verksins skulu hafa þá reynslu sem þarf við framkvæmd þess, og full réttindi þar sem þeirra er þörf.

Bjóðandi skal vinna skv. skilgreindu gæðastjórnunarkerfi.

Bjóðandi skal vinna skv. skilgreindri öryggis- og heilbrigðisáætlun.

Við mat verkkaupa á hæfni og reynslu bjóðanda samkvæmt þessu ákvæði er verkkaupa heimilt að taka tillit til hæfni og reynslu eigenda, stjórnenda, lykilstarfsmanna, undirverktaka og sérstakra ráðgjafa bjóðanda af verklegum framkvæmdum og leggja slíka hæfni og reynslu að jöfnu við hæfni og reynslu bjóðandans sjálfs, þótt reynsla viðkomandi aðila hafi áunnist í öðru fyrirtæki en hjá bjóðanda.

B. Krafa um eigið fé:

Eigið fé bjóðanda skal vera jákvætt. Ársreikningar skulu vera áritaðir af löggiltum endurskoðanda eða skoðunarmanni. Áritun skal að lágmarki vitna um að aðstoð hafi verið veitt við gerð ársreikninga skv. stöðlum sem gilda um óendurskoðuð reikningsskil.

Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld þegar hann skilar inn tilboði.

Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna sinna þegar hann skilar inn tilboði.

C. Krafa um eðlilega viðskiptasögu:

Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós nýlegt greiðslu- eða gjaldþrot eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur verkkaupi sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut öldungis sams konar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

D. Aðrar upplýsingar:

Þeir bjóðendur sem eftir opnun og yfirferð tilboða koma til álita sem viðsemjendur skulu, sé þess óskað, láta í té innan viku eftirtaldir upplýsingar. Verði dráttur á afhendingu umbeðinna upplýsinga áskilur verkkaupi sér rétt til að líta svo á að bjóðandi hafi fallið frá tilboðinu. Farið verður með þessar upplýsingar í samræmi við ákvæði upplýsingalaga, ef þær eru þess eðlis.

- Síðast gerðum ársreikningi, árituðum af löggiltum endurskoðanda eða skoðunarmanni. Áritun skal að lágmarki vitna um að aðstoð hafi verið veitt við gerð ársreikninga skv. stöðlum sem gilda um óendurskoðuð reikningsskil. Tekið skal fram að áritun stjórnar og/eða framkvæmdastjóra fyrirtækis kemur ekki í stað áritunar löggilts endurskoðanda eða skoðunarmanns. Sýni síðast gerður ársreikningur neikvæða eiginfjárstöðu er heimilt að leggja fram yfirlýsingu án fyrirvara um jákvæða eiginfjárstöðu frá löggiltum endurskoðanda eða skoðunarmanni. Slík yfirlýsing skal miða við stöðu bjóðanda eigi fyrr en viku fyrir opnunardag tilboða.
- Yfirlýsingu frá banka / tryggingarfélagi, um að bjóðandi muni fá verktryggingu vegna verksins, án skilyrða.
- Ef um hlutafélag er að ræða er óskað eftir útskrift um hlutafélagið úr hlutafélagaskrá.

0.1.4 LAUSLEGT YFIRLIT YFIR VERKIÐ

Verkið felst í snjóruðningi og hálkueyðingu gatna í þrjú vetur, þ.e. veturna 2021-2022, 2022-2023 og 2023-2024. Um er að ræða allar helstu umferðargötur í Garðabæ, sjá nánar á meðfylgjandi yfirlitskortum af framkvæmdasvæði.

Helstu magntölur eru:

- Forgangur 1: Götulengd; 15 km
- Forgangur 2: Götulengd; 45 km

Verk þetta skal vinna skv. útboðs- verklýsingu þessari ásamt meðfylgjandi yfirlitskortum.

Verkið skal vinna í samræmi við ákvæði gildandi reglugerða sem eiga við þessa framkvæmd og er verktaki að fullu ábyrgur fyrir því að þeim sé fylgt, sjá grein „0.3.4 Reglugerðir og leiðbeiningar“.

Verktaki skal skila verkinu af sér til verkkaupa í samræmi við ákvæði útboðsgagna“.

0.1.5 KYNNINGARFUNDUR – VETTVANGSSKOÐUN

Kynningarfundur verður ekki haldinn með bjóðendum, en þeir eru hvattir til þess að kynna sér aðstæður á væntanlegum verkstöðum.

0.1.6 VERKSAMNINGUR – VERKÁÆTLUN

Þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði verktaka telst kominn á samningur um verkið sbr. grein 3.1.2 í ÍST 30.

Gera skal skriflegan samning um verkið.

Áður en verksamningur er undirritaður skal verktaki leggja fram akstursáætlun fyrir verkið í heild, sbr. grein 3.3.1 í ÍST 30 ásamt því að leggja fram verktryggingu og verkmöppu gæðakerfis fyrir verkið, sjá grein „0.10.2 Verkmappa“. Auk þess skal verktaki leggja fram öryggis- og heilbrigðisáætlun áður en verksamningur er undirritaður.

Verktaki skal jafnan gera sitt ýtrasta til þess að fylgja akstursáætluninni og tilkynna jafnóðum ef út af bregður og af hvaða orsökum. Gangi verkið ekki nógu vel fram, er verktaka skylt að

fjölga starfsmönnum og tækjum eða grípa til annarra nauðsynlegra ráðstafana.

Heimilt er með samþykki beggja aðila að framlengja samninginn um tvö ár, eitt ár í senn.

0.1.7 FRAMKVÆMDATÍMI – VERKLOK

Framkvæmdatími hefst við undirritun samnings.

Samningstíminn er til þriggja ára, hefst 1. nóvember 2021 og lýkur 1. maí 2024. Samningstímanum er skipti í þrjú tímabil og skal verktaki sinna snjóruðning og hálkuvörnum á eftirfarandi tímabilum:

1. nóvember 2021 – 1. maí 2022

1. nóvember 2022 – 1. maí 2023

1. nóvember 2023 – 1. maí 2024

Verklok skulu miðast við 1. maí 2024.

Verktaki skal vera viðbúinn framlengingu eða flýtingu hvers tímabils ef þess þarf, allt eftir áferði. Hann skal því vera tilbúinn í útkall frá 1. okt. – 15. maí frá árinu 2021 til ársins 2024.

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en getið er í grein „0.1.2 Útboðsform – útboðsyfirlit“. Verkinu telst ekki lokið af hálfu verktaka fyrr en hann hefur staðið að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt útboðsgögnum.

0.2 UPPLÝSINGAR UM VERKKAUPA, RÁÐGJAFAR OG EFTIRLIT

0.2.1 VERKKAUPI

Verkkaupi: Garðabær kt. 570169-6109
Garðatorgi 7, 210 Garðabæ
Sími: 525 8500

0.2.2 RÁÐGJAFAR

Útboðsgögn: Mannvit hf.
Urðarhvarfi 6, 203 Kópavogi
Sími: 422 3000

Teikningar - kort: Loftmyndir ehf.
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
Sími: 562 7080

0.2.3 EFTIRLIT VERKKAUPA

Eftirlit verkkaupa er á vegum Tækni- og umhverfissviðs Garðabæjar. Tækni- og umhverfissvið ræður aðila sem annast mun daglega umsjón og eftirlit með verkinu, hér eftir nefndur eftirlitsmaður.

Þessi eftirlitsmaður mun annast daglegt eftirlit og vera fulltrúi verkkaupa gagnvart verktaka.

Verktaki skal í einu og öllu framkvæma verkið samkvæmt samningi og í samráði við eftirlitsmann. Ef verktaki er í vafa um einstök atriði framkvæmdarinnar, hvort sem um er að ræða efnisval, útfærslur eða túlkun samningsgagna, skal hann tafarlaust leita úrskurðar eftirlitsmanns. Eftirlit verkkaupa kemur ekki í stað opinbers eftirlits sem falið er öðrum stjórnvöldum samkvæmt lögum og/eða reglugerðum.

Auk þess mun eftirlitsmaður úr vaktstöð vetrarþjónustu, sem haldið er úti af Vegagerðinni ásamt Garðabæ og fleiri sveitarfélögum, sinna eftirliti fyrir hönd verkkaupa.

0.3 ÚTBOÐSGÖGN, REGLUGERÐIR OG STAÐLAR

0.3.1 ÚTBOÐSGÖGN

Til útboðsgagna vegna verks þessa teljast:

- a) Útboðs- og samningsskilmálar þessir, dags. september 2021.
- b) Verklýsing þessi, dags. september 2021.
- c) Útboðsteikningar (sjá grein „0.9 Teikningaskrá”)
- d) Tilboðsblað og tilboðsskrá
- e) Íslenskur staðall ÍST-30, 6. útgáfa 2012.
- f) Aðrir staðlar og gögn sem vísað er til í ofantöldum gögnum.

0.3.2 SKÝRINGAR Á ÚTBOÐSGÖGNUM

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í gögnunum sem haft getur áhrif á tilboðsfjárhæð, skal hann senda Mannvit hf. skriflega fyrirspurn eigi síðar en þann dag sem getið er um í grein „0.1.2 Útboðsform – Útboðsyfirlit“. Fyrirspurnin skal merkt: „Vetrarþjónusta gatna í Garðabæ 2021-2024“ og send með tölvupósti á netfangið utbod@mannvit.is.

Fyrirspurnir og svör við þeim verða send öllum sem sótt hafa útboðsgögn eigi síðar en þann dag sem getið er um í grein „0.1.2 Útboðsform – Útboðsyfirlit“. Fyrirspurnir og svör við þeim verða hluti af útboðsgögnunum.

0.3.3 UPPDRÆTTIR OG LÝSINGAR

Ákvæði um meðferð og afhendingu gagna eru í grein 3.4 í ÍST 30. Aðalverktaki ber ábyrgð á fjölföldun allra þeirra gagna sem fulltrúar verkkaupa afhenda honum og það er einnig á hans ábyrgð að undirverktakar hans kynni sér öll samningsgögn.

Þau gögn, sem verktaki fær aðgang að á vef Garðabæjar á tilboðsgerðarstigi verður hluti samnings milli verktaka og verkkaupa, en þau samanstanda af uppdráttum, útboðs- og samningsskilmálum, verklýsingum og magntöluskrá. Verktaki skal á sinn kostnað prenta út þau gögn sem hann telur þurfa við framkvæmd verksins.

Sé verklýsingu eða teikningu breytt á framkvæmdatíma vegna breytinga sem verkkaupi hefur beðið um, eða ný gögn gefin út, verða þau afhent verktaka á rafrænu formi. Í tilboði bjóðanda skal vera innifalið, innan eðlilegra marka, endurgjald fyrir móttöku, meðhöndlun og rýni nýrra og breyttra uppdrátta og lýsinga.

0.3.4 REGLUGERÐIR OG LEIÐBEININGAR

Verktaki er ábyrgur fyrir að verkið sé unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða og leiðbeininga sem eiga við þessa framkvæmd. Gildandi lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem eiga við um framkvæmdina eru til dæmis, en ekki tæmandi talið, eftir því sem við á:

- Lög um opinber innkaup, nr. 120/2016.
- Reglugerð um opinber innkaup á evrópska efnahagssvæðinu.
- Lög um framkvæmd útboða, nr. 65/1993 með áorðnum breytingum.
- Reglugerð um hollustuhætti, nr. 941/2002.
- Lögreglusamþykktir.
- Reglur Vinnueftirlits ríkisins.
- Reglugerð um hávaða.

Bjóðendur skulu sjálfir útvega sér þau lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem við eiga hverju sinni.

0.3.5 UNDIRVERKTAKAR

Ákvæði um undirverktaka eru í kafla 3.2 í ÍST 30 og í 88. grein og 89. grein laga nr. 120/2016 að því er varðar bann við gerviverktöku.

0.4 TILBOÐ

0.4.1 GERÐ OG FRÁGANGUR TILBOÐS

A Aðaltilboð

Tilboð skal gera í allt verkið eins og því er lýst í útboðsgögnum.

Bjóðendur skulu fylla út alla liði tilboðsskrár, sem er hluti af útboðsgögnum þessum.

Litið er á óútfyllta liði tilboðsskrár sem ákvörðun bjóðanda um að innifela kostnað við þá í öðrum liðum, sbr. grein 2.4.4 í ÍST 30.

Bjóðendur skili inn tilboðsblaði og tilboðsskrá útfylltum í tölvupósti á netfangi: utbod@mannvit.is.

Tilboðsblað skal vera dagsett og undirritað af bjóðanda. Bjóðendur skulu í tilboði sínu reikna með þeim magntölum, sem gefnar eru í tilboðsskrá. Einingarverð skulu vera í heilum krónum.

Í verklýsingu er í hverjum kafla gerð grein fyrir þeim reglum, sem magntölur eru reiknaðar eftir. Telji bjóðandi t.d. efnisþörf vegna verkliðar vera meiri en fram kemur við að beita áður nefndum reglum (t.d. vegna rýrnunar við niðurskurð) skal hann innreikna kostnað við það inn í einingarverð viðkomandi verkliða.

Í hverjum einstökum lið skal einnig vera innifalinn allur kostnaður verktaka af viðkomandi verklið, svo sem allt efni, vinna, vélar og tæki, ljós og orka, flutningur manna og tækja, yfirstjórn verktaka, lögboðnar tryggingar, opinber gjöld, ágóði, förgun sorps og efnisleifa o.s.frv., nema

annað sé tekið fram. Tilboðsfjárhæð er fundin sem summa margfelda magntalna og viðeigandi einingarverðs.

Inn í heildartilboð skal reikna virðisaukaskatt samkvæmt reglum sem um hann gilda á hverjum tíma. Öll einingarverð í tilboðsskrá skulu vera með virðisaukaskatti.

B Aukaverk

Komi til aukaverka á framkvæmdatímanum, en aukaverk er skilgreint í grein 1.2.5 í ÍST 30, fer verkkaupi fram á að bjóðendur geri tilboð í áætlaðan fjölda útseldra tíma tækja og mannafla.

C Frávikstilboð

Ekki er heimilt með frávikstilboði að gera tilboð í aðra tilhögun verksins en þá sem lýst er í útboðsgögnunum. Hafi bjóðendur hins vegar áhuga á að bjóða annað efni, tilhögun verks eða útfærslur en útboðsgögn skilgreina er þeim heimilt á fyrirspurnartíma útboðsins að senda inn óskir þess efnis og mun verkkaupi taka afstöðu til þessara óska. Fallist verkkaupi á breytingar á efni, tilhögun verks eða útfærslum mun hann gefa út viðauka við útboðsgögnin þar sem slíkar breytingar eru skýrðar og öllum bjóðendum gefinn kostur á að bjóða í slíka valkosti á jafnréttisgrundvelli.

0.4.2 FYLGIGÖGN MEÐ TILBOÐI

Bjóðendur skulu skila inn undirrituðu tilboðsblaði, sem og útfylltri tilboðsskrá í tölvupósti, sjá grein „0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs“.

Því til viðbótar skal skila inn eftirtöldum fylgigögnum með tilboðinu:

- Lýsing á gæðastjórnunarkerfi bjóðanda, sbr. grein 2.4.7 í ÍST 30.
- Staðfestingu frá viðkomandi yfirvöldum um að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld.
- Staðfestingu frá lífeyrissjóði / lífeyrissjóðum um að bjóðandi sé í skilum með eigin lífeyrissjóðsiðgjöld og/eða lífeyrissjóðsiðgjöld vegna starfsmanna.
- Almennar upplýsingar um bjóðanda, svo sem fyrirtæki hans og starfslið.
- Skrá yfir helstu stjórnendur og starfsmenn, svo sem yfirstjórnanda og yfirverkstjóra og upplýsingar um þá.
- Skrá yfir helstu verk og lýsing á reynslu bjóðanda í sambærilegum verkum.
- Skrá yfir helstu tæki og búnað sem fyrirhugað er að nota við verkið.
- Skrá yfir undirverktaka er bjóðandi hyggst ráða til verksins.
- Hyggist verktaki leigja/kaupa tæki til verksins skal fylgja undirritaður samningur milli hlutaðeigandi aðila. Heimilt er að í samningi sé fyrirvari um að bjóðandi hljóti verkið.

Staðfesting er sýnir fram á að bjóðandi sé í skilum skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnunardag tilboða. Geti bjóðandi ekki sýnt fram á skilvísi sbr. framangreint er óheimilt að gera við hann samning.

Farið verður með framangreindar fjárhagsupplýsingar bjóðenda í samræmi við ákvæði upplýsingalaga.

Sé kaupanda kunnugt um að bjóðandi hafi á opnunardegi tilboðs, verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningaþvætti eða þátttöku í skipulögðum brotasamtökum skal bjóðandi útilokaður frá gerð opinbers samnings.

Heimilt er að útiloka fyrirtæki frá samningum ef eitthvað af eftirfarandi á við:

1. Þú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
2. Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
3. Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
4. Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
5. Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Við mat á því hvort skilyrði 1. - 5. töluliðar eigi við um fyrirtæki skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

0.4.3 AUÐKENNI TILBOÐS

Undirrituðu tilboðsblaði, rafrænni tilboðsskrá og öðrum fylgigögnum skal skilað á netfangið: utbod@mannvit.is. Tölvupóstur skal merktur með „Vetrarþjónusta gatna í Garðabæ 2021-2024“ í efnislínu (e. subject).

0.4.4 TILBOÐSTRYGGING – GILDISTÍMI TILBOÐS

Ekki verður krafist tilboðstryggingar af hendi bjóðanda.

Með undirritun á framlögðu tilboði sínu skuldbindur bjóðandi sig til að standa við tilboðið í 8 vikur frá opnun tilboða.

Ákvæði um frest til að taka tilboði eru í grein 2.6 í ÍST 30.

0.4.5 OPNUN TILBOÐA

Tilboð skulu hafa borist í tölvupósti á netfangið: utbod@mannvit.is eigi síðar en á þeim tíma sem getið er um í grein „0.1.2 Útboðsform – útboðsyfirlit“. Á opnunarfundi verða lesin upp nöfn bjóðenda, tilboðsfjárhæð og skráð í fundargerð opnunarfundar. Opnunarfundur verður ekki opin bjóðendum. Fundargerðin verður send öllum bjóðendum eftir opnun tilboða.

Sökum aðstæðna í þjóðfélaginu um þessar mundir verður ekki boðið upp á að opna tilboðin að viðstöddum bjóðendum.

Þau tilboð sem berast eftir að liðinn er sá frestur sem settur var til að skila tilboðunum verða ekki opnuð.

0.4.6 MEÐFERÐ OG MAT Á TILBOÐUM

Ákvæði um val á tilboði eru í kafla 2.7 í ÍST 30 og í lögum um opinber innkaup þegar um EES útboð er að ræða.

Ef margföldunar- og/eða samlagningarskekkjur finnast í tilboðsskrá skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs en einingarverð er bindandi fyrir bjóðendur. Einingarverð er einnig bindandi innan eðlilegra marka gagnvart þeim magnaukningum og aukaverkum sem verktaki kann að verða beðinn um að framkvæma.

Við yfirferð tilboða er einingarverð bjóðenda sett inn í tilboðsskrá útboðsgagna. Hafi bjóðandi breytt magni, fellt niður línur eða bætt línur við tilboðsskrána kemur það ekki fram við yfirferð, enda er slíkt óheimilt. Verkkaupi áskilur sér engu að síður rétt til að líta á slíkt tilboð sem gild, enda gildi þá ákvæði greinar „0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs“ um að óútfylltir liðir teljist innifaldir í öðrum liðum.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að láta minni háttar vöntun eða formannmarka á fylgigögnum með tilboði ekki hafa áhrif á gildi tilboða, enda hafi vöntunin eða annmarkinn að mati verkkaupa ekki áhrif á tölulega niðurstöðu tilboðs, jafnraði bjóðenda sé ekki raskað og ógildi tilboðs fæli í sér strangari ákvörðun en nauðsynlegt væri vegna eðlis og umfangs annmarkans.

Verkkaupi mun annað hvort taka lægsta tilboði sem uppfyllir kröfur útboðsgagna eða hafna öllum tilboðum.

Við meðferð og mat á tilboðum metur verkkaupi hvort bjóðandi uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í grein „0.1.3 Kröfur til bjóðenda“.

Ekki verður gengið til samninga við bjóðanda ef tæki þau sem hann býður til verksins uppfylla ekki kröfur sbr. grein „1.0.6 Tæki og búnaður sem verktaki leggur til“.

0.4.7 ÞÓKNUN FYRIR GERÐ TILBOÐS

Verkkaupi greiðir ekki fyrir gerð tilboðs.

0.5 GREIÐSLUR, VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR

0.5.1 ÝMIS GJÖLD OG KOSTNAÐUR SEM VERKKAUPI GREIÐIR (EFTIR ÞVÍ SEM VIÐ Á)

- | | |
|----|--------------------------|
| 01 | Uppdrættir og útboðsgögn |
| 02 | Eftirlit verkkaupa |

0.5.2 FRAMLAG VERKKAUPA

Verkkaupi leggur til salt og saltþækil, sem notaður er til hálkueyðingar. Efnið er lagt til á hafnarsvæði í Hafnarfirði. Opnunartími í Hafnarfirði er allan sólarhringinn alla daga vikunnar.

Verkkaupi leggur ekkert annað til verksins utan þess sem fram kemur í þessari grein og grein „0.5.1 Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir“.

0.5.3 BREYTINGAR Á VERKINU – AUKAVERK

Orðskýringar:

Viðbótarverk er skilgreint í grein 1.2.19 í ÍST 30. Allar breytingar sem verkkaupi gerir á verkinu, eftir að verksamningur er kominn á, teljast því vera viðbótarverk. Þó svo að viðbótarverk valdi að jafnaði hækkun á kostnaði verks, geta þau einnig valdið lækkun á greiðslum til verktaka, til dæmis ef verkkaupi tekur ákvörðun um að minnka umfang verks eða breyta verki til kostnaðarlækkunar með því að draga úr kröfum til fyrirskrifaðs efnis eða útfærslu.

Aukaverk er skilgreint í grein 1.2.5 í ÍST 30. Aukaverk koma því til vegna skorts á upplýsingum, ónákvæmni eða mistaka í útboðsgögnum og öfugt við viðbótarverkin geta aukaverk einungis valdið kostnaðarauka í verkinu.

Komi til viðbótarverka eða aukaverka skal fylgja ákvæðum ÍST 30, greinar 3.6. Verði samkomulag um að verktaki vinni aukaverk eða viðbótarverk í tímavinnu skal nota taxa sem verktaki býður í tilboði sínu.

Verktaki má engin aukaverk eða viðbótarverk vinna nema samkvæmt skýlausum fyrirmælum verkkaupa. Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar, svo og kröfugerð og samningar.

Framkvæmd aukaverka eða viðbótarverka getur því aðeins leitt til framlengingar á skilátíma verks samkvæmt verkáætlun að sýnt sé að viðkomandi auka- eða viðbótarverk séu á bundinni leið (Critical Path) verksins.

Álag verktaka fyrir umsjón með aðkeyptu efni og þjónustu, sem verktaki hefur milligöngu um að láta vinna eða kaupa fyrir verkkaupa, vegna viðbótar- eða aukaverka, skal vera 10%. Er það álag fyrir efniskaup, móttöku, meðhöndlun, geymslu, stjórnun, ágóða o.s.frv. Álag greiðist ekki á það tímagjald sem verktaki býður í tilboði sínu skv. lið **B** í grein „0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs“.

0.5.4 FRESTIR – TAFABÆTUR (TÍMASEKTIR)

Verði vanefndir á þjónustu viðverutækja getur verkkaupi innheimt tafabætur af verktaka.

Ef tafir verða á verkum verktaka á þeim dögum sem unnið er að verkinu og hann lýkur ekki verkinu í samræmi við verklýsingu þá skal hann greiða verkkaupa tafabætur (tímasektir) fyrir hverja klukkustund sem það dregst að verkefni dagsins sé að fullu lokið. Tafabætur eru 20.000 kr./klst. á hverja vinnuvél sem tefst með þessum hætti.

Sinni verktaki ekki útkalli innan tilskilins tíma skal hann einnig greiða verkkaupa tafabætur 30.000 kr./klst. fyrir hvern byrjaðan klukkutíma eftir að 30 mínútur eru liðnar frá útkalli fyrir hverja vinnuvél sem tefst með þessum hætti.

Á reglulegum verkfundum mun verkkaupi tilkynna verktaka um þær tafabætur sem innheimtar verða.

0.5.5 GREIÐSLUR, MAGNTÖLUR OG REIKNINGSSKIL

Um greiðslur og reikningsskil vísast almennt til greinar 5.1 í ÍST 30. Greitt verður til verktaka samkvæmt yfirfarinni (leiðréttri) tilboðsskrá. Reikningar skulu lagðir fram aðra hverja viku eða samkvæmt samkomulagi á fyrsta verkfundi. Greiðsluliðir skulu reikningsfærðir eftir framvindu verksins og skilmerkilega skal koma fram hvaða liði er verið að innheimta hverju sinni.

Með hverjum reikningi skal verktaki skila yfirliti yfir greiðslustöðu hvers greiðsluliðar í tilboðsskrá og heildargreiðslustöðu samnings. Þetta yfirlit skal sett upp í samráði við eftirlitsmann verkkaupa og við reikningagerð skal eftirlitsmaður staðfesta greiðsluhlutfall til að fyrirbyggja að leiðréttingar tefji reikninga. Við gerð reikninga skal stuðst við útskrift úr ferilvöktun sem verktaki getur nálgast á ferilvöktunarþjónustu. Rétt útskrift úr hverju tæki er skilyrði greiðslu. Greiðsla á framvindureikningi innifelur ekki í sér endanlegt samþykki á uppgjöri magntalna.

Verkkaupi mun ekki taka geymslufé af reikningum verktaka. Verkkaupi mun ekki inna af hendi neina greiðslu til verktakans fyrr en verksamningur hefur verið undirritaður.

Gerðir skulu sérstakir reikningar vegna aukaverka og viðbótarverka og þeim fylgi greinargerð um verkið á eyðublöðum sem verkkaupi afhendir og útreikningur þeirra magntalna sem reikningurinn byggist á.

Reikningar skulu skráðir á:

Garðabær,
Kt. 570169-6109,
Garðatorg 7,
210 GARÐABÆR .

Á hverjum reikningi til verkkaupa skal koma fram heiti verks og verkbeiðnanúmer sem verktaki fær uppgæfið í upphafi verks.

Verkkaupi áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við komudagsetningu reiknings nema að um annað hafi sérstaklega verið samið. Ef reikningur er ekki sendur á réttan stað eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Sé verktaki í skuld við verkkaupa á meðan á verki stendur, áskilur Garðabær sem verkkaupi, sér rétt til þess að ráðstafa greiðslum fyrir verk þetta til greiðslu skulda verktaka við verkkaupa.

Verkkaupi mun ekki samþykkja neina greiðslu til verktaka fyrr en hann hefur afhent verktryggingu og skrifað undir verksamning.

0.5.6 VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR

Verðlagsgrundvöllur samnings er miðaður við samsetta vísitölur liðs „072 Rekstur ökutækja“ úr vísitölu neysliverðs Hagstofu Íslands (undirvísitölur frá árinu 2008) annars vegar og launavísitölu hins vegar. Skipting þeirra er 70% liður 072, og 30% launavísitala. Samningsbundnar greiðslur hækka eða lækka hlutfallslega með hækkun eða lækun á nefndum liðum.

Verðbætur skulu miðaðar við ofangreinda liði eins og þeir eru skráðir í ágúst 2021. Verðbætur reiknast við uppgjör á hverjum reikningi sem nær yfir tveggja vikna tímabil. Hverju sinni skal miða við birtar/skráðar vísitölur við lok hvers tveggja vikna uppgjörstímabils.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði skal þó aldrei miða við lægri vísitölu en upphafsvísitölu verksamnings.

Tímataxtar í mögulegum aukaverkum og viðbótarverkum verðbætast á sama hátt og samningsbundnar greiðslur.

0.5.7 FYRIRFRAMGREIÐSLA

Verkkaupi innir ekki af hendi fyrirframgreiðslu í þessu verki.

0.5.8 MAGNBREYTINGAR

Magntölur í tilboðsskrá eru áætlaðar og geta breyst, allt háð veðurfari. Samningsaðilar geta ekki sett fram kröfur vegna breytinga á magntölum nema frávik frá áætluðum magntölum leiði til þess að heildargreiðsla fyrir samningsverkið sé meira en 20% hærri eða lægri en heildar samningsupphæð. Endurskoðunin gildir einungis fyrir það magn sem fellur utan þessara marka. Samningsaðilar geta ekki sett fram kröfur, þótt magn einstakra verkliða aukist eða minnki eða jafnvel falli brott.

0.6 ÁBYRGÐIR, TRYGGINGAR OG ÁGREININGSMÁL

0.6.1 ÁBYRGÐ, TRYGGINGAR OG LÖGBOÐIN GJÖLD

Ábyrgð og áhætta er skilgreind í grein 3.9 í ÍST 30.

Meðan á verkinu stendur skal verktaki, á eigin kostnað, váttryggja vinnuskúra, byggingarefni og vélar gegn hugsanlegum tjónum í samræmi við verðgildi þeirra á hverjum tíma.

Verktaki ber ábyrgð á því tjóni, sem hann kann að verða fyrir við framkvæmd verksins. Ennfremur ber hann ábyrgð á því tjóni eða slysum sem hann kann að valda verkkaupa eða þriðja aðila meðan á framkvæmdum stendur. Verktaki skal leggja fram skírteini um frjálssa ábyrgðartryggingu fyrir tjóni sem hann kann að valda verkkaupa eða þriðja aðila. Alla galla, sem fram kunna að koma á verkinu og um er að kenna slæmum frágangi eða efni, skal verktaki bæta að fullu, enda setji hann fyrir því þá tryggingu sem verkkaupi tekur gilda (verktrygging/-ábyrgð). Þrátt fyrir eftirlit verkkaupa, ber verktaki fulla ábyrgð á efni og vinnu.

Meðan á framkvæmd verksins stendur og þar til lokaúttekt hefur farið fram skal verktaki hafa og kosta allar nauðsynlegar váttryggingar sem leiða af framkvæmdinni.

Slysatryggingu starfsmanna sinna skal verktaki annast og kosta sem og önnur þau lögboðnu og samningsbundnu gjöld sem fylgja því að hafa menn í vinnu og selja efni og þjónustu.

Hvenær sem er á framkvæmdatíma verksins getur verkkaupi krafist gagna til staðfestingar því, að lögboðin gjöld, s.s. staðgreiðsla skatta, tryggingagjöld, virðisaukaskattur, lífeyrissjóðsgjöld o.s.frv. séu í skilum. Verktaki skal afhenda verkkaupa afrit af skírteinum fyrir þeim tryggingum, sem hann greiðir fyrir vegna verksins á hverjum tíma, ásamt með staðfestingu á greiðslu iðgjalda af þessum tryggingum.

0.6.2 FRAMKVÆMDATRYGGING – VERKTRYGGING

Til tryggingar því að verktaki standi við allar skuldbindingar sínar við verkkaupa vegna verkefnis þessa afhendir hann verkkaupa fyrir undirritun verksamnings verktryggingu, skv. kafla 3.5 í ÍST 30.

Verktrygging skal miðast við 5% af samningsfjárhæð og stendur óbreytt til verkloka.

Óheimilt er að lækka eða fella úr gildi verktryggingu nema til komi skrifleg heimild þar að lútandi til tryggingafélags eða banka frá verkkaupa, og skal slík heimild gefin út innan 10 daga frá því að lokaúttekt fór fram á verkinu.

Skilmálar ofangreindrar tryggingar skulu þannig orðaðir, að verkkaupi geti innleyst hana án undangengins dómsúrskurðar og greiðsla geti farið fram innan 14 daga frá því hennar er krafist. Að öðru leyti skal orðalag tryggingar háð samþykki verkkaupa, sbr. eyðublað fyrir verktryggingu.

Sjá form verktryggingar í grein „0.10.1 Form verktryggingar“.

Verkkaupi leggur ekki fram sérstaka tryggingu vegna verksins.

0.6.3 VEÐSETNINGAR – EIGNARRÉTTARFYRIRVARAR

Verktaka er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi sem gerður verður í framhaldi af útboði þessu nema með skriflegu samþykki verkkaupa.

Verktaka er óheimilt að binda verkkaupa á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á verktímanum. Einnig er verktaka óheimilt, án sérstaks leyfis verkkaupa, að veðsetja efni, tæki, vélar eða annan þann búnað sem verður hluti af verkinu og verkkaupi hefur greitt fyrir.

Efni sem verkkaupi hefur fengið reikning fyrir má ekki vera með eignarréttarfyrirvara frá seljanda efnisins, án sérstaks leyfis verkkaupa.

0.6.4 MISRÆMI Í GÖGNUM

Ef um ósamræmi milli uppdráttar og lýsinga er að ræða skal verktaki tafarlaust tilkynna verkkaupa það til úrskurðar. Komi fram villur í útboðsgögnum, er verktaki eftir sem áður bundinn af tilboði sínu. Leiði villan til aukins kostnaðar skal verktaki fá hann bættan, enda tilkynni hann verkkaupa um villuna strax og hann verður hennar var. Vanræki verktaki að tilkynna slíka villu áður en viðkomandi hluti verks er framkvæmdur fellur bótaskylda verkkaupa niður. Á samsvarandi hátt á verkkaupi rétt á lækkun samningsupphæðar, ef villan leiðir til minni kostnaðar. Semja skal eins fljótt og unnt er um þær breytingar á samningsupphæð, sem leiða af framansögðu.

0.6.5 ÁGREININGSMÁL

Rísi ágreiningur milli verkkaupa og verktaka um verk það, sem lýsing þessi fjallar um, skal honum vísað til Héraðsdóms Reykjaness. Kostnaður við aðgerðir samkvæmt grein þessari skal ákveðinn af dómnum sjálfum svo og hver skuli greiða þann kostnað.

Sé ágreiningurinn að mestu eða öllu leyti tæknilegs eðlis má með samþykki beggja aðila vísa málinu til Gerðardóms VFÍ til fullnaðarúrskurðar.

Verði ágreiningur milli verktaka og verkkaupa um skilning á útboðsgögnum skal verktaki þó eigi að síður framkvæma verkið skv. fyrirmælum verkkaupa sbr. grein 6.3 í ÍST 30. Rísi ágreiningur um mál þetta skal honum skotið til Héraðsdóms Reykjaness.

0.7 VINNUSTADUR

0.7.1 ATHAFNASVÆÐI OG VINNUAÐSTADA

Verktaki skal sjá til þess að ekki stafi hættu af vinnusvæðinu, samanber grein „0.7.5 Öryggi á vinnustað“. Varðandi umgengni og umhirðu á vinnustað vísast til greinar „0.7.4 Umhirða á vinnustað“.

0.7.2 HÚSNÆÐI FYRIR STARFSMENN, TEIKNINGAR OG EFNI

Á ekki við í þessu verki.

0.7.3 LJÓS, HITI, AKSTUR, VÉLAR OG FLEIRA

Verktaki skal, nema annað komi fram í grein „0.5.2 Framlag verkkaupa“, leggja til og kosta öll áhöld, vélar, verkfæri og orku, sem til þarf við framkvæmdirnar, enn fremur allan flutning á mönnum, tækjum og efni.

0.7.4 UMHIRÐA Á VINNUSTAÐ

Verktaki skal sjá svo um að umhirða á vinnustað sé ávallt góð og skal verktaki fara eftir fyrirmælum eftirlitsmanns þar að lútandi. Um almenna umgengni og umhirðu á vinnustað vísast að öðru leyti til kafla 4.2 í ÍST 30.

0.7.5 ÖRYGGI Á VINNUSTAÐ

Orðin vinnustaður, framkvæmdastaður, byggingarstaður, athafnasvæði og verkstaður hafa sömu merkingu í þessum útboðsgögnum.

Verktaki skal gæta ýtrustu varúðar við framkvæmd verksins og hafa samráð við eftirlitsmann um allar varúðarráðstafanir eftir því sem við á. Áður en framkvæmdir hefjast ber verktaka að leggja fyrir eftirlitsmann tillögu um varúðarráðstafanir, sem nauðsynlegt er að gera, m.a. vegna umferðar við vinnustað. Sér verktaki síðan um að varúðarráðstöfunum, þeim sem eru taldar nauðsynlegar, sé framfylgt í tæka tíð og til hins ýtrasta.

Verktaki skal fylgja öllum reglum um öryggi á vinnustað til hins ýtrasta, bæði hvað snertir vinnuvélar og aðbúnað. Hann skal einnig viðhafa brunavarnir og reglur um meðferð eldfimra efna, sem viðhlítandi teljast að dómi eftirlitsmanns og skv. skilmálum váttryggingar. Reglum og leiðbeiningum um meðferð lagna frá veitufyrirtækjum skal fylgt í hvívetna.

Sérstök athygli er vakin á reglum Vinnueftirlits ríkisins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð (nr. 547/1996), sem tóku gildi 1. janúar 1997. Með tilvísun í II kafla þessara regla er sú skylda lögð á aðalverktaka að gegna þeim skyldum sem um ræðir í 1.-3. tl. 3. gr. í reglum þessum, þ.á.m. skipun samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana og gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar

eins og við á hverju sinni og í samræmi við fræðslu- og leiðbeiningarit nr. 17 frá Vinnueftirliti ríkisins um Öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir byggingarvinnustaði. Á fyrsta verkfundi og áður en framkvæmdir hefjast skal undirritað skriflegt samkomulag um fyrirkomulag þessara mála í samræmi við gildandi reglur Vinnueftirlits ríkisins hverju sinni.

0.8 FRÁGANGUR OG GÆÐI VERKS

0.8.1 VERKSTJÓRN VERKTAKA, DAGBÓK OG VERKFUNDIR

Almennum kröfum til verkstjórnar verktaka er lýst í grein 4.1 í ÍST 30.

Verktaki og undirverktakar skulu gera ráð fyrir að þurfa að mæta vikulega á verkfundi með fulltrúa verkkaupa meðan á verkinu stendur. Verkfundargerðir eru ritaðar af eftirlitsmanni verkkaupa og skulu samþykktar með undirritun af báðum aðilum.

Verktaki skal halda dagbók yfir verkið og skrá í hana verkefni hvers dags. Í dagbók skal a.m.k eftirfarandi koma fram:

- Dagsetning.
- Veðurfar (hiti/úrkoma)
- Verkliðir sem unnið er við þann daginn.
- Mannafli og tæki, þ.e. hvaða tæki eru að störfum þann daginn og fjöldi tækja.
- Fyrirspurnir verktaka og ábendingar eftirlits (ef við á)
- Annað sem hefur þýðingu fyrir framgang verksins.

Dagbók skal færa á tölvutæku formi sem eftirlitsmaður samþykkir. Eftirlitsmaður skal fá afrit dagbókar vikulega á formi tölvuútskriftar eða tölvupósts og staðfesta móttöku. Varðandi fyrirspurnir verktaka og ábendingar eftirlits getur hvor aðili óskað undirritunar hins til staðfestingar á því að fyrirspurn/ábending hafi komist til skila.

0.8.2 GÆÐI VERKSINS

Almennum kröfum um gæði verksins er lýst í grein 4.3 í ÍST 30.

Öll vinna og allur frágangur verksins skulu vera vönduð og fagmannlega unnin, í samræmi við fyrirsögn um vinnubrögð, góðar fagvenjur, faghefðir og metnað.

Forsvarsmenn verksins skulu hafa þá reynslu sem með þarf við framkvæmd þess, og full réttindi þar sem þeirra er þörf. Fagvinna skal unnin af fagmönnum og skal verktaki skila inn afritum af skírteinum um réttindi starfsmanna sé þess óskað.

Verktaki skal bæta að fullu alla galla, sem fram kunna að koma á verkinu og um er að kenna slæmum frágangi eða efni. Þrátt fyrir eftirlit verkkaupa, ber verktaki fulla ábyrgð á efni og vinnu.

Eftirlitsmaður getur sett tímatakmark um hvenær það sem áfátt er talið, skal vera lagfært og heimilt er að stöðva greiðslur til verktaka uns þær lagfæringar hafa farið fram.

Verktaki skal vinna samkvæmt gæðakerfi sambærilegu við ÍST EN ISO 9001:2008 eða yfirstjórnandi verks hafa sótt námskeið í gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir (sbr.

námskeið sem Samtök iðnaðarins standa að) og vinna eftir þeim leiðbeiningum og eyðublöðum sem þar eru sett fram.

Verkkaupi gerir þá kröfu til verktaka að hann útbúi „verkmöppu gæðakerfis“, sem tekur á innra eftirliti og sjái til þess að undirverktakar sem hann hyggst ráða til verksins vinni samkvæmt þeirri verkmöppu.

Verktaki skal leggja fram grunn að verkmöppu gæðakerfis fyrir undirritun verksamnings. Grundvallarkröfur sem verkkaupi gerir til verkmöppunnar eru settar fram í grein „0.10.2 Verkmappa“.

0.8.3 EFNISVAL OG VINNUAÐFERÐIR

Þjófandi skal miða tilboð sitt við þá efnis- og vinnuliði sem útboðsgögn gera ráð fyrir. Á framkvæmdatíma er verktaka heimilt, að höfðu samráði við eftirlitsmann, að bjóða annað efni og aðra vinnutilhögun en útboðsgögn kveða á um og skal hann þá leggja fram upplýsingar um efni, vinnu og verð sbr. grein 4.3 í ÍST 30. Verkkaupi gerir samanburð á frávikum með tilliti til verðs og gæðamismunar og hefur ákvörðunarrétt um hvaða efni og aðferðir verða endanlega valin. Allan kostnað sem til fellur vegna samanburðar á öðru efni eða vinnuaðferðum skal verktaki greiða óháð samþykki eða synjun verkkaupa.

0.8.4 MÁLSETNINGAR OG MÆLINGAR

Á ekki við í þessu verki.

0.8.5 SÝNISHORN OG PRÓFANIR

Á ekki við í þessu verki.

0.8.6 SAMSKIPTI VIÐ YFIRVÖLD

Á ekki við í þessu verki.

0.8.7 VERKLOKAÚTTEKT

Á ekki við í þessu verki.

0.8.8 MEISTARASKIPTI

Á ekki við í þessu verki.

0.9 TEIKNINGASKRÁ

Eftirtalin yfirlitskort fylgja útboði þessu.

00 Vetrarþjónusta gatna í Garðabæ – Útboðssvæði

01 Vetrarþjónusta gatna í Garðabæ – Álftanes

02 Vetrarþjónusta gatna í Garðabæ – Garðahverfi, Hleinar, Prýði

03 Vetrarþjónusta gatna í Garðabæ – Ásar, Sjálandshverfi, Fitjar, Hólar, Ásgarður

04 Vetrarþjónusta gatna í Garðabæ – Hraun, Urriðaholt

05 Vetrarþjónusta gatna í Garðabæ – Austan Reykjanesbrautar

06 Vetrarþjónusta gatna í Garðabæ – Flatir, Lundir, Hæðir, Búðir, Móar, Tún, Gil, Akrar

07 Vetrarþjónusta gatna í Garðabæ – Arnarnes

0.10 FYLGISKJÖL

0.10.1 FORM VERKTRYGGINGAR

VERKTRYGGING

Undirritaður lýsir því hér með yfir að hann ábyrgist bæjarstjóranum í Garðabæ, f.h. Garðabæjar sem verkkaupa greiðslu á allt að kr. upphæð í tölustöfum,- upphæð í bókstöfum-^{00/100}, sem tryggingu fyrir því, að nafn verktaka kt:....., inni í einu og öllu af hendi samningsskyldur sínar sem verktaki við verkið „Nafnið á verkinu“, skv. útboðsgögnum og verksamningi.

Verktrygging þessi er **5 %** af samningsfjárhæð, í samræmi við ákvæði í verksamningi og skal standa óbreytt þar til gefið hefur verið út vottorð um verklok, enda hafi verkkaupi tekið við verkinu í viðurkenndu lagi.

Óheimilt er að lækka eða fella þessa verktryggingu niður nema að fenginni skriflegri heimild þar að lútandi frá Tækni- og umhverfissviði Garðabæjar.

Verkkaupi getur krafist undirritaðan um greiðslu tryggingarfjárins að einhverju eða öllu leyti, einhliða og án undangengins dóms, ef hann telur það nauðsynlegt til að bæta galla, sem fram koma á verki verktaka, eða til greiðslu á hvers konar kostnaði, sem hann hefur orðið fyrir vegna vanefnda verktaka á ákvæðum verksamnings og skal greiðslan fara fram innan 14 daga frá því að hennar er krafist.

Staður,dagsetning, ár. _____

Nafn tryggingafélags eða banka

undirskrift og stimpill

Vitundarvottar:

0.10.2 VERKMAPPAN

Grundvallarkröfur sem gerðar eru til verkmöppunnar

Markmið með gæðakerfi verktaka er að auka hagkvæmni og skilvirkni framkvæmdarinnar. Í upphafi verks leggur verktaki fram grunn að verkmöppunni og skal hann samþykktur af verkkaupa áður en skrifað er undir verksamning. Meðan á framkvæmdum stendur verða til skjöl sem fara í verkmöppuna. Í lok framkvæmda er fullbúin verkmappan afhent verkkaupa.

Í grunni að verkmöppu skal gerð grein fyrir stjórnkerfi verksins. Þegar verktaki leggur fram grunn að verkmöppunni skal hann gera grein fyrir verklagi sínu við:

- skjalastýringu
- póst inn og út
- móttöku og dreifingu teikninga
- móttöku efnis
- meðhöndlun frávika og úrbóta
- auka- og viðbótarverk
- nýja greiðsluliði
- innra eftirlit með einstökum verkþáttum
- verkþáttarýni

Við upphaf framkvæmda skal verktaki leggja fram gögn sem sýna hvernig hann hyggst standa að verkþáttarýni og innra eftirliti með framkvæmd einstakra verkþátta. Hér er ekki átt við að hann lýsi í smáatriðum framkvæmd hvers verkþáttar, heldur hvernig hann hyggst standa að undirbúningi framkvæmdar við verkþáttinn (með verkþáttarýni). Á sama hátt lýsi hann hvernig hann ætlar að haga innra eftirliti sínu, hvaða eyðublöð hann ætlar að nota o.þ.h.

Verktaki útbúi eftirlitsáætlun vegna verksins í samráði við eftirlitsaðila verkkaupa. Þar komi fram hvað skal gera, hvernig, hvenær, hvaða kröfur skal uppfylla og hver ber ábyrgð á viðkomandi verkþætti.

Við lok framkvæmda skal verkmappan innihalda sögu verksins. Þar kemur m.a. fram:

- Fullnægjandi gögn um allt efni sem notað var við framkvæmdina, og krafist var gagna um.
- Útfyllt eyðublöð úr innri úttektum verktaka, skv. eftirlitsáætlun hans.
- Upplýsingar um breytingar á útfærslum miðað við teikningar.

0.10.3 GÖGN AFHENT Á VEF GARÐABÆJAR

Útboðsgögn

- Útboðs- og verklýsing – Tilboðsskrá (pdf).
- Tilboðsskrá (excel).
- Yfirlitskort (pdf).

Fylgiskjöl

- Haustúttekt á bíl og búnaði verktaka (pdf)
- Mánaðarleg úttekt á bíl og búnaði verktaka (pdf)

1. VERKLÝSING

1.0 ALMENNT

1.0.1 YFIRLIT YFIR VERKIÐ

Vinnusvæði verktaka er sýnt á yfirlitskortum. Verkið felst í snjóruðningi og hálkueyðingu gatna í Garðabæ í þrjá vetur, þ.e. veturna 2021-2022, 2022-2023 og 2023-2024.

Götum er skipt í mismunandi þjónustuflokka eftir forgangi eins og hér segir:

- Forgangur 1 (rauðar götur): ruddar og háлкуvarðar skv. þjónustuflokki 1 og 2. Um er að ræða tengigötur, fjölfarnar safngötur og leiðir strætisvagna. Reynt er að tryggja að þessar leiðir séu ávallt færar og ganga þær fyrir öðrum götum.
- Forgangur 2 (bláar götur): ruddar og háлкуvarðar skv. þjónustuflokkum 2 og 3. Um er að ræða minni safngötur, leiðir að skólum og varhugaverðar brekkur.

Nánari skiptingu forgangs og skilgreiningu á þjónustuflokkum má sjá að yfirlitskortum sem fylgja útboði þessu.

Útboð þetta innifelur 24 klst. í daglegri þjónustu, snjóruðning og háлкуvörn. Almenn er þjónusta þó í lágmarki á tímabilinu frá kl. 22:00-03:30. Verktaki skal hafa nægjanlegan fjölda tækja og mannafla sem þarf til að ganga vaktir til að framkvæma verkið eftir fyrirmælum eftirlitsmanns/vaktstöðvar og í samræmi við ákvæði verklýsingar.

Verktaki leggur til menn og tæki til verksins og framkvæmir verkið eftir fyrirmælum frá vaktstöð, eftirlitsmanni verkkaupa og í samræmi við ákvæði verklýsingar.

1.0.2 UPPLÝSINGAR UM VINNUSVÆÐIÐ

Verktaki skal strax í upphafi verks kynna sér svæðið gaumgæfilega þ.m.t. hvar bílum er lagt að jafnaði, innkeyrslur, biðstöðvar, gangbrautir og allt það er taka þarf tillit til við framkvæmd verksins.

Eftirlitsmaður verkkaupa mun leiðbeina verktaka við að kynna sér svæðið og aðstæður allt eftir því sem hann telur þurfa.

1.0.3 UMFERÐ/ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR

Verktaki skal annast og kosta allar öryggisráðstafanir sem nauðsynlegar eru. Við gerð og framkvæmd öryggisráðstafana skal verktaki hafa samráð við eftirlitsmann verkkaupa, lögreglu og vinnueftirlit.

Verktaki skal taka fyllsta tillit til húseigenda og þeirra mannvirkja sem liggja nærri verki þessu og haga framkvæmdum í samræmi við það.

Verktaki skal sýna annarri umferð (gangandi, hjólandi eða akandi) fyllstu tillitsemi við framkvæmd verksins. Hann skal minnka ökuhraða til þess að forðast að snjóhreinsunartæki eða ruðningar lendi á bifreiðum, húsum, gangstéttun, strætóskýlum eða öðrum mannvirkjum sem standa við götur.

Truflun á umferð um götur, sem unnið er við, svo og í nærliggjandi götum skal haldið í lágmarki. Ef fyrir séð er að framkvæmdir geti tafið umferð lögreglu, slökkviliðs eða almenningsvagna, skal verktaki sjálfur tilkynna viðkomandi aðila/aðilum það.

Lokun götu fyrir umferð er óheimil nema í undantekningartilfellum, og þá með leyfi lögreglu og eftirlitsmanns hverju sinni. Ef lokun er heimiluð af eftirlitsmanni skal verktaki sjá um að afla heimildar lögreglu. Í þeim tilvikum skal leitast við að gera lóðarhöfum kleyft að komast að eignum sínum.

Verktaka ber að haga vinnu sinni þannig að snjóruðningur og/eða hálkuvörn trufla umferð eins lítið og hægt er.

1.0.4 SKEMMDIR Á MANNVIRKJUM OG/EÐA EIGUM ÞRIÐJA AÐILA

Öll tjón sem verða vegna vinnu verktaka eru á hans ábyrgð. Verði tjón á mannvirkjum Garðabæjar, s.s. kantsteinum, vegriðum, girðingum, umferðarskiltum eða ljósastaurum skal verktaki tilkynna eftirlitsmanni verkkaupa það strax. Sama gildir, verði tjón á eignum þriðja aðila, s.s. tengikössum Veitna og Mílu, brunahönum Veitna, bifreiðum eða öðrum eignum íbúa.

1.0.5 VINNUTÍMI OG VINNUTILHÖGUN

Verktaki skal vera tilbúinn í útkall á tímabilinu frá 1. okt. – 15. maí ár hvert yfir samningstímam. Föst viðvera verktaka skal vera á tímabilinu frá 1. nóv. – 1. maí ár hvert yfir samningstímam.

Vaktstöð mun gera verktaka viðvart með hálfra klst. fyrirvara í gegnum síma (viðbragðstími verktaka skal ekki vera lengri en 30 mín). Um leið og verktaki er kominn á vinnusvæðið eftir að útkall berst og hefur aðgerð (hálkuvörn/snjóruðning) skal hann tilkynna það til vaktstöðvar. Verktaki skal vera viðbúinn að hefja aðgerðir hvenær sem er sólahrings.

Vaktstöð ákveður, allt eftir aðstæðum hverju sinni, hvort eingöngu sé kallað út í forgangsleiðir 1, eða forgangsleiðir 1 og 2 samtímis. Vaktstöð mun einnig gefa verktaka leiðbeinandi fyrirsmáli varðandi saltmagn sem dreifa skal hverju sinni.

Verktaki skal kynna sér vel þær kröfur sem gerðar eru til hvers þjónustuflokks fyrir sig og skiptingu forgangsleiða, sjá nánar á yfirlitskortum.

Eftirlitsmaður verkkaupa hefur heimild til að gefa verktaka frekari fyrirsmáli en verklýsing kveður á um og verktaki skal jafnan hlíta slíkum fyrirsmælum. Verktaki mun í öllum tilvikum fá skriflega staðfestingu á fyrirsmælum með þeim hætti sem hlutaðeigandi aðilar koma sér saman um. Þannig getur eftirlitsmaður verkkaupa til dæmis ákveðið:

- 1) stöðvun snjóruðnings án þess að verktaki telji sig hafa lokið snjóruðningi.
- 2) frekari snjóruðning einstakra gatna og gatnamóta eftir að verktaki telur sig hafa lokið snjóruðningi.
- 3) frekari hálkueyðingu einstakra gatna og gatnamóta eftir að verktaki telur sig hafa lokið hálkueyðingu.
- 4) snjóhrensun og/eða hálkueyðingu einstakra bílaplana og annarra stærri plana.

Verktaki skal í öllum tilvikum hlýða fyrirsmælum eftirlitsmanns verkkaupa og bregðast við eins skjótt og honum er unnt.

Falli snjóruðningur niður vegna óveðurs skal verktaki vera reiðubúinn að hefja vinnu að nýju þegar veður leyfir og eftir fyrirsmælum vaktstöðvar eða eftirlitsmanns verkkaupa.

Tefjist vinna verktaka af einhverjum ástæðum hefur eftirlitsmaður verkkaupa og/eða vaktstöð heimild til að láta önnur tæki vinna hluta af verkinu.

Við snjóruðning og hálkuvörn skal aka á þeim hraða sem skilar mestum árangri við hálkuvörn og hrensun vegarins. Ávallt skal þó aka innan löglegs hraða.

Í samráði við eftirlitsmann skal gera áætlun um hvernig götur verða ruddar og í hvaða forgangsörð.

Verkkaupi leggur til salt og saltþækil sem verktaki sækir á hafnarsvæði í Hafnarfirði. Opnunartími í Hafnarfirði er allan sólarhringinn alla daga vikunnar.

Verktaka er ekki heimilt að geyma salt í saltkössum bíla nema útlit sé fyrir áframhaldandi söltun innan tveggja sólarhringa.

Eftirlitsmaður verkkaupa getur hvenær sem er krafist vigtunar á vörubílum við saltdreifingu.

Allar upplýsingar um magn salts og tímasetningar skulu koma fram í dagsskýrslu verktaka.

1.0.6 TÆKI OG BÚNAÐUR SEM VERKTAKI LEGGUR TIL

Verktaki skal leggja til allan tengi- og festibúnað fyrir snjómokstursbúnað á bifreið, vökvakerfi í vörubifreið, hverfiljós á alla bíla og tæki og stjórnbúnað í stýrishús.

Verktaki skal leggja til allan búnað til snjórúðnings og hálkueyðingar, þ.e. snjótennur og combi sand-/salt-/þækildreifara.

Verktaki skal fá samþykki verkkaupa fyrir þeim búnaði sem hann ætlar að nota.

Allar tilfærslur, skemmdir á búnaði og breytingar á tækjakosti eru á kostnað verktaka.

Verktaki greiðir ísetningu, viðhald og rekstur búnaðar sem hann leggur til.

Verktaki ber ábyrgð á og kostnað af öllum breytingum, tengingum og festingum búnaðar hvort sem verkkaupi leggur búnaðinn til eða verktaki.

Verkkaupi mun gera ýtarlega úttekt á bíl og búnaði verktaka áður en þjónusta hefst að hausti ár hvert yfir samningstímamann. Úttekt er skal framkvæma eigi síðar en 15. október ár hvert og skal verktaki gera verkkaupa viðvart með a.m.k. viku fyrirvara svo tími gefist til þess að panta tíma hjá viðeigandi úttektaraðilum. Að auki mun verkkaupi gera mánaðarlegar úttektir á bíl og búnaði á verk tímanum. Farið skal eftir réttmætum aðfinnslum úttektaraðila um betrubætur. Niðurstöður allra úttekta verða bókaðar í verkfundargerðir. Úttektareyðublöð, bæði fyrir haustúttekt og mánaðarúttekt, má sjá í fylgiskjölum.

1.0.6.1 Tækjapörf

Tækjaáætlun fyrir þetta verk er tvískipt, annars vegar viðverutæki sem að staðaldri sinna snjórúðningi og/eða hálkuvörn, hins vegar viðbótartæki (aukatæki) sem gripið er til ef viðverutæki anna ekki álagi á hverjum tíma, upp koma bilanir í viðverutækjum o.s.frv. Eftirfarandi er áætluð þörf sem talin er fullnægjandi:

Viðverutæki

- Tveir þriggja öxla vörubílar með drifi á tveimur öxlum og búnir til vetraraksturs. Útbúnir með snjótönn og combi dreifara (salt-/sand-/þækildreifara).

Viðbótartæki

- Einn þriggja öxla vörubíll með drifi á tveimur öxlum og búinn til vetraraksturs. Útbúinn með snjótönn og combi dreifara (salt-/sand-/þækildreifara).

Upplýsingar um tækjabúnað, bæði viðverutæki og viðbótartæki, skulu gefnar upp á tilboðsblaði, sjá grein 3.3.

1.0.6.2 Gæðakröfur til tækja og búnaðar

Eftirfarandi kröfur eru gerðar til tækja og búnaðar sem verktaki leggur til verksins.

Í öllum tækjum, viðverutækjum og viðbótartækjum, skal vera búnaður til hreinsunar ef t.d. vökvaslanga (glussaslanga) gefur sig. Dæmi um búnað er t.d. sag, mottur og klútar. Búnaðurinn þarf að geta hreinsað upp 20 lítra af olíu eða glussa.

Vörubíll

Vörubíll skal vera þriggja öxla. Vélastærð skal vera a.m.k. 360 hestöfl. Tengingar skulu vera fyrir snjótönn að framan og combi dreifara á palli. Gerð er sú krafa að vélar vörubíla uppfylli kröfur um útblástursmengun sem gerðar eru samkvæmt þeim stöðlum sem í gildi eru fyrir bifreiðarnar á hverjum tíma og að lágmarki kröfu EURO VI staðals um losunarmörk, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009, með síðari breytingum. Allur öryggisbúnaður, s.s. viðvörundarljós og varnaðarmerki, skal vera skv. ströngustu kröfum gildandi reglna og alltaf notaður þegar verktaki sinnir vetrarþjónustu.

Fyrsta ár sammingsins er heimilt að bjóða bifreiðar sem uppfylla að lágmarki EURO V staðal um losunarmörk, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009, með síðari breytingum. Fyrir veturinn 2022-2023, þ.e. þann 1. október 2022, skulu allar bifreiðar uppfylla EURO VI.

Snjótönn/snjóplógur:

Snjótönn skjal vera skekkjanleg (stillanleg) í báðar áttir með vinnslubreidd a.m.k. 2850 mm, með stillanlegum hjólum til að hlífa slitlagi. Skynjari skal vera á vinnustöðu tanna til tengingar við aðgerðarskráningarkerfi. Snjótönn skal einnig vera búin slefblaði (krapablaði) fyrir aftan aðalblað. Breidd út frá vinstri hlið bíls má mest vera 150 mm. Slitblað skal vera sérstaklega hljóðlátt, samsett úr stáli og gúmmí, t.d. Kúper eða sambærilegt. Á vinstra horni skal að lágmarki vera breiddarljós er sýnir hvítt fram og rautt aftur.

Dreifari

Dreifari skal vera combi sand-/salt-/pækil-dreifari með dreifidiski, 5-7 m³ salt/sand og 4.000-7.000 L pækil. Dreifari skal ráða við að dreifa eingöngu salti eða pækli sem og hvoru tveggja samtímis. Dreifari skal einnig vera með sprautugreiðu. Dreifari skal vera með ferilvöktun og stjórnþúnaði sem skilar notkunar- og afkastagögnum (s.s. vegalengd, aðgerðarvegalengd, dreifubreidd, notkun og magn hálkvarnarefnis) á öruggan hátt inn í tölvukerfi verkkaupa, án leyfis- eða áskriftargjalda fyrir verkkaupa.

Dreifibreidd og dreifiátt (til hliðar) skal vera stillanleg í stjórnborði inn í stýrishúsi bíls.

1.0.6.3 Áspungi bifreiða

Verktaki skal tryggja að áspungi og heildarþungi verði innan leyfilegra marka eftir að allur snjómokstursbúnaður er kominn á bifreiðina (snjóplógur/snjótönn og dreifari) með leyfðum loftþrýstingi í dekkjum. Viðmiðunarþyngd búnaðar er, snjóplógur eða snjótönn allt að 1.400 kg og tómur dreifari 2.700 kg.

Leggja skal fram vigtarseðla ásamt loftþrýstingsmælingu því til staðfestingar í upphafi snjómokstur tímabils. Vigta skal sérstaklega fyrir hvert tilvik. Dæmi: Tönn uppi, tönn niðri, dreifari á palli með eða án sands/salts/pækils. Vigta skal með dreifara fulllestaðan af salti (sléttfullan) og pækli. Almennar reglur gilda um áspunga. Reynslan sýnir að æskileg burðargeta á framás er 9 tonn.

1.0.7 GPS-OG FJARSKIPTABÚNAÐUR VEGNA FERILVÖKTUNAR

Verkkaupi notar ferilvöktunarkerfi til magnuppgjör og ferilvöktunar. Verktaki skal útbúa alla vörubíla (viðverutæki og viðbótartæki) sína sem sinna snjóruðningi og hálkuvörnum með búnaði ferilvöktunar og er búnaðurinn í umsjón og eigu verktakans sjálfs. Búnaður verktaka skal vera samhæfur ferilvöktunarkerfi verkkaupa og gögnum frá búnaði skal skila á vefþjónustu ferilvöktunaraðila verkkaupa.

Búnaður skal samanstanda af ökurita, loftnetum fyrir GPS og fjarskipti, og tengjum/nemum fyrir sand-/salt-/pækildreifara og snjótönn. Ökuriti skal safna upplýsingum um staðsetningu, dagsetningu, tíma, stefnu og hraða ökutækis ásamt upplýsingum um stöðu snjótannar (uppi/niðri) og dreifara (opinn/lokaður). Ökuriti skal safna fyrrgreindum upplýsingum á mest 25 m fresti (ekki með lengra millibili) og skulu gögn úr ökurita send með GSM í rauntíma á vefþjónustu ferilvöktunaraðila verkkaupa.

Verkkaupi leggur ríka áherslu á að búnaðurinn sé rétt tengdur og ávallt vikur enda aksturs- og tímamælingar ferilvöktunarbúnaðar forsenda uppgjör. Verktaki er ábyrgur fyrir öllum búnaði og virkni hans.

1.0.8 MANNAFLI

Kröfur varðandi reynslu og þekkingu stjórnenda og starfsmanna eru settar fram í grein 0.1.3.

Verkkaupi skal samþykkja stjórnendur verksins. Ef breytingar verða á stjórnendum á verktíma skal verktaki leita samþykkis verkkaupa fyrir breytingunum.

Verktaki skal sjá stjórnanda verksins fyrir farsíma (vaktsíma) sem hægt er ná í hvenær sem er og óháð því hver er á vakt hjá verktaka hverju sinni. Þegar vaktstöð kallar verktaka út til vinnu mun verða hringt í þann vaktsíma.

Telji verkkaupi verkstjórn óhæfa á einhvern hátt, getur hann krafist þess að skipt verði um mann eða menn.

Mönnum þeim, er óhæfir reynast til starfa eða koma á annan hátt þannig fram, að ástæða sé til umkvörtunar, skal vikið frá verkinu, ef verkkaupi krefst þess.

Verktaka ber að sjá um að góð regla og umgengni ríki á vinnustað.

Vinnufatnaður starfsmanna verður að standast kröfur um endurskin vegna vinnu á umferðargötum, samkvæmt ÍST EN ISO 20471.

1.0.9 MAGNTÖLUR - UPPGJÖR

Magntölur í tilboðsskrá eru áætlaðar og geta breyst. Götur geta bæst við og sömuleiðis fallið út. Greitt verður skv. einingarverðum fyrir unnið magn.

Mælingar og yfirferð, sem nauðsynlegar eru vegna reikningsgerðar og uppgjör á verksamningi skulu verktaki og eftirlitsmaður verkkaupa annast í sameiningu.

2. GREIÐSLUSKILMÁLAR

2.1 GREIÐSLUR

Greitt er fyrir vinnu við snjóruðning og hálkuvörn í tímavinnu, annars vegar tímagjald fyrir vélamann og hins vegar tímagjald fyrir bíl með öllum nauðsynlegum búnaði, eingöngu eru greiddir unnir tímar, nema sérstaklega sé samið um annað.

Enn fremur skal verktaki meta kostnað sinn við að vera í viðbragðstöðu frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert yfir samningstímamann.

Í tilboði skal vera innifalinn allur lög- og samningsbundinn kostnaður sem fylgir því að hafa tæki og menn í vinnu, selja vinnu þeirra og það efni sem til verksins þarf annað en það sem verkkaupi leggur til, svo og allur kostnaður við ferðir og uppihald starfsmanna, yfirstjórn, ágóði o.s.frv. Undir þessi ákvæði fellur einnig virðisaukaskattur og annar kostnaður, þótt ótalin sé hér að ofan.

Verktaki skal færa dagsskýrslur á því formi sem verkkaupi ákveður. Uppgjör fer fram á grundvelli dagskýrslna sem skilað er til eftirlitsmanns til yfirferða og samþykktar. Verkkaupi mun styðjast við upplýsingar (gögn) úr ferilvöktunarbúnaði við yfirferð og samþykkt á dagsskýrslum. Beri dagsskýrslum verktaka ekki saman við skráðar upplýsingar úr ferilvöktunarkerfi gilda upplýsingar ferilvöktunar. Verði misbrestur á því að dagsskýrslum sé skilað til eftirlitsmanns eða þær rangt færðar getur uppgjóri seinkað.

Greiðslur verða inntar af hendi skv. framlögðum framvindureikningum, samþykktum af eftirlitsmanni. Greiðsla á framvindureikningi innifelur ekki í sér endanlegt samþykki á uppgjóri magntalna.

Ítrekað skal að fjöldi tíma sem gefin er upp í tilboðsskrá er áætlaður og getur breyst verulega, allt háð veðurfari.

2.1.1 TÍMAGJALD FYRIR MANN

Greitt er fast tímagjald fyrir vélamann fyrir hvern unnin tíma hvort sem það er í dagvinnu eða eftirvinnu. Einnig er greitt fyrir þann tíma sem tekur að sækja salt eða þækil. Greitt verður samkvæmt tímamælingu ferilvöktunarbúnaður. Innifalið í tímagjaldi skal vera allur kostnaður sem hlýst af því að vera með menn í vinnu.

Eining er kr./klst. Greitt verður fyrir unnar klukkustundir.

2.1.2 TÍMAGJALD FYRIR BÍL

Greitt er fast tímagjald fyrir bíl fyrir hvern unnin tíma hvort sem það er í dagvinnu eða eftirvinnu. Greitt verður samkvæmt tímamælingu ferilvöktunarbúnaðar. Innifalið í tímagjaldi bíls með búnaði skal vera allur kostnaður fyrir bíl, snjótönn, combi dreifara (salt-/sand-/þækil-dreifara) og annan þann búnað sem nauðsynlegur er til að vinna verkið.

Greitt er eitt tímagjald hvort sem um er að ræða snjóruðning, salt- eða sanddreifingu eða hvoru tveggja í einu. Einnig er greitt fyrir þann tíma sem tekur að sækja salt eða þækil.

Eining er kr./klst. Greitt verður fyrir unnar klukkustundir.

2.1.3 VIÐBRAGÐSGJALD (VIÐVERUGJALD)

Verktaki skal áætla þann kostnað sem hann telur sig verða fyrir við að hafa menn og tæki í viðbragðstöðu og til reiðu frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert yfir samningstímamann.

Einingarverð sem verktaki býður í viðbragðsgjald skal vera að lágmarki 10% tilboðsfjárhæð verktaka fyrir eitt tímabil (einn vetur). Ef einingarverð verktaka í þennan verklið nær ekki 10% af tilboðsfjárhæð fyrir eitt tímabil (einn vetur) mun verkkaupi leiðrétta tilboðið þannig að það skilyrði sé uppfyllt.

Eining er heild (HT). Greiðslu fyrir viðbragðsgjald verður dreift jafnt yfir tímabilið frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert yfir samningstímann.

3. TILBOÐSBÓK

3.1 TILBOÐSBLAÐ

Undirritaður gerir hér með tilboð í verkið:

Vetrarþjónusta gatna í Garðabæ 2021-2024

Tilboðið er gert samkvæmt útboðs- og verklýsingum, dagsettum í september 2021 ásamt tilheyrandi uppdráttum.

Tilboðsupphæð með VSK kr. _____

Nokkur sérákvæði útboðs- og samningsskilmála:

Verklök: 1. maí 2024
Verktrygging: 5% af samningsfjárhæð
Geymslufé: Nei
Verðbótapáttur: Verkið verðbætist
Opnun tilboða: 30. september 2021 kl. 11:00

Yfirlýsing:

Bjóðandi mun tryggja að allir starfsmenn sem koma munu að verkinu, hvort sem er sem starfsmenn bjóðanda eða undirverktaka, fái laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og aðstæður þeirra séu í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar. Hvenær sem er á samningstíma mun bjóðandi geta sýnt verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessum starfsmönnum séu uppfyllt. Bjóðandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni verksins fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan 5 daga frá því ósk um slíkt er borin fram af verkkaupa getur verkkaupi rift verksamningi án frekari fyrirvara eða ákveðið að beita dagsektum sem nemur 0,1% af samningssupphæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir. Beiting þessara vanefndaúrræða hefur ekki áhrif á gildi verktryggingar.

Bjóðandi lýsir því yfir að viðskiptasaga hans er eðlileg og uppfyllir kröfur útboðsgagna, sbr. gr. 0.1.3 C. Hvenær sem er á samningstíma mun bjóðandi geta sýnt verkkaupa fram á að öll skilyrði um eðlilega viðskiptasögu helstu eigenda og stjórnenda bjóðanda séu uppfyllt. Bjóðandi samþykkir að ef í ljós kemur á samningstíma að hann hafi ekki uppfyllt skilyrði um eðlilega viðskiptasögu við opnun tilboða eða síðar á samningstíma getur verkkaupi rift verksamningi án frekari fyrirvara. Beiting þessara vanefndaúrræða hefur ekki áhrif á gildi verktryggingar.

Staður, dags. _____ 2021

Nafn fyrirtækis

Kennitala

Heimilisfang

Sími / Gsm

Póstnúmer, staður (Pósthólf)

Bréfsími

Undirskrift

Netfang

3.2 TILBOÐSSKRÁ

| Nr. | Verkliður | Magn | Eining | Einingarverð | Samtals |
|------------|-------------------------------|------|-------------|--|-------------|
| 2.1 | Greiðslur | | | | |
| 2.1.1 | Tímagjald fyrir mann | 600 | klst. á kr. | | = kr. _____ |
| 2.1.2 | Tímagjald fyrir bíl | 600 | klst. á kr. | | = kr. _____ |
| 2.1.3 | Viðbragðsgjald (viðverugjald) | 1 | heild á kr. | | = kr. _____ |
| | | | | Samtals fyrir eitt tímabil, 1 vetur | = kr. _____ |
| | | | | Samtals fyrir þrjú tímabil, 3 vetur (flutt á tilboðsblað) | = kr. _____ |

3.3 TÆKJALISTI

Viðverutæki 1

Tæknilegar upplýsingar vörubíls með snjótönn og sand-/sand-/ pækildreifara.

1. Tegund og gerð: _____
2. Árgerð: _____
3. Vélarafli í hö (DIN SAE) _____
4. Fjöldi öxla: _____
5. Framdrif (já/nei) _____
6. Fjöldi driföxla að aftan: _____
7. Eiginþungi, kg: _____
8. Leyfilegur öxulþungi að framan, kg: _____
9. Leyfilegur öxulþungi að aftan, kg: _____
10. Euro staðall sem vél bifreiðar uppfyllir _____
11. Snjótönn, tegund og lýsing:

12. Sand/salt-/pækil dreifari, tegund, búnaður og lýsing:

13. Ferilvöktunarbúnaður, tegund og lýsing:

14. Aðrar upplýsingar:

Viðverutæki 2

Tæknilegar upplýsingar vörubíls með snjótönn og sand-/sand-/ pækildreifara.

1. Tegund og gerð: _____
2. Árgerð: _____
3. Vélarafli í hö (DIN SAE) _____
4. Fjöldi öxla: _____
5. Framdrif (já/nei) _____
6. Fjöldi driföxla að aftan: _____
7. Eiginþungi, kg: _____
8. Leyfilegur öxulþungi að framan, kg: _____
9. Leyfilegur öxulþungi að aftan, kg: _____
10. Euro staðall sem vél bifreiðar uppfyllir _____

11. Snjótönn, tegund og lýsing:

12. Sand/salt-/pækil dreifari, tegund, búnaður og lýsing:

13. Ferilvöktunarbúnaður, tegund og lýsing:

14. Aðrar upplýsingar:

Viðbótartæki (viðbótar vörubíll til snjóruðnings og hálkueyðingar)

Tæknilegar upplýsingar vörubíls með snjótönn og sand-/sand-/ pækildreifara.

1. Tegund og gerð: _____
2. Árgerð: _____
3. Vélarafli í hö (DIN SAE) _____
4. Fjöldi öxla: _____
5. Framdrif (já/nei) _____
6. Fjöldi driföxla að aftan: _____
7. Eiginþungi, kg: _____
8. Leyfilegur öxulþungi að framan, kg: _____
9. Leyfilegur öxulþungi að aftan, kg: _____
10. Euro staðall sem vél bifreiðar uppfyllir _____
11. Snjótönn, tegund og lýsing:

12. Sand/salt-/pækil dreifari, tegund, búnaður og lýsing:

13. Ferilvöktunarbúnaður, tegund og lýsing:

14. Aðrar upplýsingar:

3.4 HELSTU STJÓRNENDUR OG STARFSMENN

Nafn: _____ Verksvið: _____

Starfsreynsla: _____

Nafn: _____ Verksvið: _____

Starfsreynsla: _____

Nafn: _____ Verksvið: _____

Starfsreynsla: _____

Nafn: _____ Verksvið: _____

Starfsreynsla: _____

Helstu stjórnendur og starfsmenn frh.

Nafn: _____ Verksvið: _____

Starfsreynsla: _____

Nafn: _____ Verksvið: _____

Starfsreynsla: _____

Nafn: _____ Verksvið: _____

Starfsreynsla: _____

Nafn: _____ Verksvið: _____

Starfsreynsla: _____

3.5 HÆFI VERKTAKA / LISTI YFIR SAMBÆRILEG VERK

Verkheiti: _____

Lýsing (hvað unnið, hvenær, umfang og verkkaupi):

Verkheiti: _____

Lýsing (hvað unnið, hvenær, umfang og verkkaupi):

Verkheiti: _____

Lýsing (hvað unnið, hvenær, umfang og verkkaupi):

Verkheiti: _____

Lýsing (hvað unnið, hvenær, umfang og verkkaupi):

